



# PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

## Ákvörðun nr. 25/2017

### Aðgangur Mílu að fjarskiptainntaki

#### I. Erindið

Með bréfi Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. (GR), dags. 2. maí 2017 (*málsnúmer 2017050050*), barst Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) erindi, þar sem kvartað var yfir því að háttsemi Mílu ehf. (Míla) við tengingu fjarskiptalagna í fjarskiptainntaki bryti gegn reglum nr. 1111/2015.

Var umkvörtunarefninu lýst á þennan veg:

„Þann 17. febrúar sl. hafði [...] <sup>1</sup>, forstöðumaður lögfræðipjónustu Mílu fyrir hönd Mílu samband við GR vegna innanhússlagna í [...] <sup>2</sup> þar sem óskað var eftir aðgangi að inntaki GR í sömu staðsetningu.

GR telur að um brot á 5. mgr. 7. gr. reglna um innanhúsfjarskiptalagnir sé að ræða ekki aðeins í umræddu tilfalli heldur í fleirum sem tiltekin eru í fylgiskjali 1. Míla hefur í þessum tilfellum ekki lagt fram beiðni, á grundvelli pöntunar húseigenda, um að GR framkvæmi splæsítengingar í inntaki GR. Míla hefur upp á sitt einsdæmi tekið upp á því að splæsítengja í inntaki GR. Reglurnar kveða skýrt um það að eingöngu eigandi inntaksstrengs megi vinna við tengingar og aftengingar á honum. Að öðrum kosti skuli fjarlægja innanhússtreng í heild sinni úr inntaki fjarskiptafélags með því að klippa þær frá inntaki.“

Í fylgiskjali voru tilgreind heimilisföng þar sem að Míla, hefði, að mati GR, viðhaft sama verklag sem kvartað væri undan og bryti í bága við reglur um innanhússfjarskiptalagnir. Tekið var fram að ekki væri um tæmandi upptalningu að ræða á tilvikum sem varða meint brot Mílu. Ekki þykir ástæða að til að rekja aðstæður í fjarskiptainntaki sem taka til einstakra heimilisfanga.

Í fyrrgreindu erindi GR gerði félagið nánar grein fyrir sjónarmiðum sínum:

---

<sup>1</sup> Nafn afmáð.

<sup>2</sup> Heimilisfang afmáð.

„GR hefur í fyrri bréfaskriftum bent á þau áhrif sem þetta getur haft á rekstur hjá félaginu og raunar einnig hjá Símanum/Mílu þar sem vinnubrögð sem þessi eiga ekki að líðast. Ef aðrir aðilar hyggjast nýta innanhúslögn sem GR hefur lagt á viðkomandi aðili undir engum kringumstæðum að opna inntak GR og vinna í því. Miðað við frágang sem sjá má í fylgiskjali 1 þá stýttist í að innanhúslagnakerfi fjölbýlishúsa verði ónothæf, ekki aðeins með auknum kostnaði fyrir neytendur sem vilja kaupa þjónustu heldur verður rekstrargrundvöllur skertur verulega með þessum hætti. Dæmi eru um að Míla hafi splæsítengt í inntaki GR þannig að aðgengi GR að eigin tengingum verður ómögulegt nema með því að brjóta upp tengingu Mílu og taka þannig mögulega virkan viðskiptavin úr sambandi.“

## II.

### Málavextir og forsaga

Ágreiningsmál þetta á sér nokkurra ára forsögu sem þykir rétt að gera stuttlega grein fyrir í þeim tilgangi að halda til haga heildarsamhengi þess.

Árið 2014 kærði Míla GR til PFS og taldi GR hafa brotið reglur PFS um innanhússfjarskiptalagnir með því að sjóða strengenda ljósleiðara beint á innanhússlögn í húskassa í stað þess að nota sérstakan tengilista eins og kveðið var á um í reglum.

Í ákvörðun sinni nr. 32/2014 komst stofnunin að þeirri niðurstöðu að frágangur á tengingum GR væri ekki samkvæmt þágildandi reglum nr. 1109/2006 um innanhússfjarskiptalagnir og skyldi GR nota þar til gerða tengilista og lagfæra þær tengingar sem tengdar höfðu verið með splæsítengingu á eigin kostnað.

GR kærði ákvörðun PFS til úrskurðarnefndar, sem staðfesti efnislega niðurstöðu PFS með lokaúrskurði sínum í máli nr. 5/2014, en felldi úr gildi fyrirmæli stofnunarinnar til GR um að lagfæra á eigin kostnað þær tengingar sem sem tengdar höfðu verið með splæsítengingu.

Næst sendi Míla inn formlegt erindi til PFS þar sem þess var krafist að GR framkvæmði úrbætur á frágangi strengenda heimtaugar, þar sem hún tengist innanhússlögn í húskassa í tilteknum húseignum á höfuðborgarsvæðinu. Endurtók PFS þá rannsókn málsins frá grunni, m.a. með því að yfirfara lagagrundvöll þess með tilliti til fram kominna sjónarmiða málsaðila. Fyrir lá að frágangur GR á strengendum ljósleiðaraheimtauga í húskössum bryti gegn 7. gr. reglna PFS nr. 1109/2006 um innanhússfjarskiptalagnir. Varðandi kröfu um úrbætur þyrfti á hinn bóginn að horfa til þess að innanhússlagnir frá samtengipunkti í húskassa væru á ábyrgð húseiganda, samkvæmt 60. gr. fjarskiptalaga og 4. gr. reglna PFS nr. 1109/2006 um innanhússfjarskiptalagnir. Í ljósi ábyrgðar húseiganda var það niðurstaða PFS að Míla gæti ekki beint kröfu um úrbætur að GR. Var kröfu Mílu því hafnað með ákvörðun PFS nr. 29/2015 þann 6. nóvember 2015.

Míla kærði þessa ákvörðun PFS þann 2. desember 2015. Þann 15. desember tóku gildi nýjar reglur um innanhússfjarskiptalagnir nr. 1111/2015, sem heimiluðu það verklag sem GR viðhafði við frágang tenginga í húskassa að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Með úrskurði sínum í máli nr. 10/2015 þann 30. desember 2016 komst úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála að þeirri niðurstöðu að Míla hafi ekki lögvarða hagsmuni af úrlausn málsins í ljósi þess að krafa félagsins byggði á eldri reglum um innanhússfjarskiptalagnir sem nú væru úr gildi fallnar. Var kröfu Mílu því vísað frá.

Þann 16. desember 2015 barst PFS enn á ný krafa frá Mílu. Annars vegar um að PFS hlutaðist til um að GR bætti úr ólögmetu ástandi fyrir eigin kostnað, að viðlögðum dagsektum og hins vegar að PFS tæki bráðabirgðaákvörðun í málinu. Með bréfi dagsett þann sama dag hafnaði PFS að taka þessar kröfur til frekari meðferðar í ljósi þess að eldri reglur frá 2006 um innanhússfjarskiptalagnir, sem krafan um úrbætur byggði á, voru úr gildi fallnar. Míla kærði þessa niðurstöðu PFS til úrskurðarnefndar sem þann 30. desember 2016 staðfesti hana með vísan til sömu forsendna, sbr. úrskurð í máli nr. 11/2015.

Í framhaldi af þessum ákvörðunum PFS og kærumálum þeim tengdum hafa stofnuninni, það sem af er þessu ári, borist tölvupóstar frá málsaðilum, þar sem um hefur verið að ræða gagnkvæmar ásakanir þeirra um verklag og háttsemi hvors annars við tengingu lagna í fjarskiptainntaki.

Með tölvupósti PFS til aðila, dags. 27. febrúar s.l., taldi PFS ástæðu til að leiðbeina um tiltekin meginatriði sem stofnunin taldi vera ljós og fyrirbyggjandi, m.a. með tilliti til fyrri úrlausna stofnunarinnar varðandi þessi mál og þeirra breytinga sem gerðar voru á reglum um innanhússfjarskiptalagnir.

Þar sem að báðir aðilar töldu á sér brotið og að aðilar voru sammála um mikilvægi þess að fundin yrði ásættanleg lausn, varðandi verklag við að nálgast lausan þráð innanhússfjarskiptalagnar, taldi PFS vera tilefni til að reyna ná sáttum með aðilum. Samþykktu aðilar að þiggja boð PFS um að leiða sáttaviðræður sem fóru fram þann 3. maí 2017. Í ljósi þess að ekki tókst að ná samkomulagi um efni fundargerðar fyrsta sáttafundar taldi PFS ólíklegt að frekari viðræður myndu skila árangri og tilkynnti um lok sáttumleitana þann 18. maí 2017.

Fyrirnefndar leiðbeiningar PFS, auk sáttaviðræðna sem stofnunin hélt með aðilum, dugðu ekki til að leysa ágreining milli aðila. PFS barst formleg kvörtun GR gegn Mílu, sbr. bréf dags. 2. maí 2017, svo og kvörtun Mílu á hendur GR, sbr. 14. júlí 2017. Leyst verður úr umræddum kvörtunum í sitthvoru máli.

### III.

#### Bréfaskipti og sjónarmið

##### 3.1. Athugasemdir Mílu við kvörtun GR

Í ljósi framkominnar kvörtunar GR og þess að ekki tókst að leysa úr ágreiningi aðila með sátt var Mílu gefinn kostur á því, sbr. bréf PFS dags. 18. maí 2017, að gera athugasemdir við hana. Svör Mílu bárust með bréfi, dags. 2. júní 2017, þar sem gerð er grein fyrir sjónarmiðum félagsins með eftirfarandi hætti:

„Vísað er til erindis GR dagsett 2. maí 2017, þar sem því er haldið fram að Míla hafi brotið 5. mgr. 7. gr. reglna um innanhússfjarskiptalagnir nr. 1111/2015. Kvörtun GR fylgir skjal þar sem tíundaðar eru tengingar Mílu við innanhússfjarskiptalagnir á 7 stöðum.

Í bréfinu er í upphafi vísað til tölvupósts frá Mílu dags. 17. febrúar, þar sem skorað var á GR að opna húskaða sem GR hafði læst og þannig tálmað aðgengi Mílu að innanhússlögnum. Rétt er að ítreka að Mílu var nauðugur einn kostur að senda harðorða áskorun til GR, með afriti á Póst- og fjarskiptastofnun, þar sem að GR hafði haft samband við húseiganda og talið honum trú um að Míla ætti ekki rétt á að komast að innanhússlögnum í gegnum húskaða, sem GR talar ranglega um sem

inntakskassa GR. Fulltrúi húseiganda treysti sér því ekki til að heimila Mílu aðgang að innanhússlögnum í gegnum húskassa, án atbeina GR. Þetta er að mati Mílu óásættanleg háttsemi af hálfu GR og varðar við ákvæði laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum, sbr. 14. gr. í V. kafla um háttsemi milli fyrirtækja, sbr. nánar í tölvupósti Mílu til GR frá 17. febrúar 2017. Þetta sýnir einnig í hnotskurn vandkvæði sem fylgja því að eitt fyrirtæki bræði innanhússlagnir beint við heimtaug og telur Míla rétt að reglum verði breytt þannig að slík undanþága verði aldrei heimiluð.

Míla hefur meðfylgjandi skjali, sbr. fylgiskjal 1, svarað athugasemdum í fylgiskjali í kvörtun GR lið fyrir lið, sbr. rauðletraður texti frá Mílu. Eins og þar kemur fram hefur Míla aflað sér heimildar húseiganda til þess að tengjast innanhússlögn í húskassa og jafnframt að færa tengingu við heimtaug til samræmis við reglur um innanhússfjarskiptalagnir nr. 1111/2015 og gildandi ÍST staðli sem vísað er til í umræddum reglum. Rétt er að áréttta að GR var aðili að gerð þessa staðals.

Í ljósi þess að ekki náðist sátt um framhald sáttviðræðna á milli Mílu og GR um frágang innanhúslagna telur Míla enn mikilvægara að koma á viðurkenndu verklagi sem byggir á faglegum rökum varðandi frágang inntaks og húskassa.

Eins og ítrekað hefur komið fram telur Míla að frágangur innanhúslagna eigi að vera með þeim hætti að auðvelt aðgengi sé að lögninni og tengingin eigi að vera um ljósleiðaratengi sem sett er á tengilista. Auðvelt skal vera fyrir neytendur að skipta um fjarskiptafyrirtæki og koma þarf í veg fyrir að óþarfa samskipti milli fjarskiptafyrirtækja í tengslum við að neytendur kjósa að skipta um fjarskiptafyrirtæki.

Vandamál í framkvæmd vegna bræðisuðu hafa komið berlega í ljós að undanförunu og því fullreynt að reglur er gera ráð fyrir slíkri lausn gangi upp í framkvæmd. GR kvartar einmitt yfir því í bréfi sínu að það styttest í að innanhússlagnakerfi verði ónothæf. Þetta er einmitt í samræmi við það sem Míla hefur margbent á að sé óhjákvæmilegur fylgikvillur bræðisuðutenginga, þ.e. að í hvert skipti sem rjúfa þarf til að tengja nýjan viðskiptavin, þá styttest lögnin.

Meðfylgjandi teikning með útskýringum er samkvæmt því uppleggi sem Míla ræddi á fundinum og Míla telur rétt að sjónarmið félagsins komi skýrt fram.

Með vísan til framansagðs leggur Míla fram tillögu að framtíðarfyrirkomulagi við tengingar við innanhússfjarskiptalagnir, sbr. skýringarmynd í fylgiskjali 2. Með þessu væri komið í veg fyrir óþarfa núning milli fyrirtækja, flækjustigi og neytendur gætu með greiðum hætti skipt á milli fyrirtækja.“

### **3.2. Viðbrögð GR við athugasemdum Mílu**

Með bréfi PFS, dags. 6. júní 2017, var GR gefinn kostur á því að tjá sig um athugasemdir Mílu. Sérstaklega var óskað eftir því að fram kæmi afstaða GR til tillagna Mílu um framtíðarfyrirkomulag varðandi aðgang og tengingar í fjarskiptainntaki, sem settar höfðu verið fram í athugasemdum félagsins. Í svarbréfi GR, dags. 25., september segir eftirfarandi:

„Þann 2. maí sl. sendi GR inn kvörtun vegna framkomu Mílu varðandi innanhúsfjarskiptalagnir, þar sem GR taldi að um væri að ræða brot á 5. mgr. 7. gr. reglna um innanhúsfjarskiptalagnir.

Míla hafði upp á sitt einsdæmi tekið upp á því að splæsitingja í inntökum GR. Reglurnar kveða skýrt um það að eingöngu eigandi inntaksstrengs megi vinna við tengingar og aftengingar á honum. Að öðrum kosti skuli fjarlægja innanhússtreng í heild sinni úr inntaki fjarskiptafélags með því að klippa þær frá inntaki.

Hér var aðeins um að ræða þau tilvik sem GR vissi af en með auknum fjölda ljósleiðaratenginga hjá Símanum og Mílu þá gerir GR ráð fyrir að tilfellum sem þessum fjölgi stöðugt. GR hefur í fyrri bréfaskriftum bent á þau áhrif sem þetta getur haft á rekstur hjá félaginu og raunar einnig hjá Símanum/Mílu þar sem vinnubrögð sem þessi eiga ekki að líðast. Ef aðrir aðilar hyggjast nýta innanhússlögn sem GR hefur lagt á viðkomandi aðili undir engum kringumstæðum að opna inntak GR og vinna í því. Miðað við frágang sem sjá mátti í fylgiskjali 1 þá styttist í að innanhúslagnakerfi fjölbylishúsa verði ónothæf, ekki aðeins með auknum kostnaði fyrir neytendur sem vilja kaupa þjónustu heldur verður rekstrargrundvöllur skertur verulega með þessum hætti. Dæmi eru um að Míla hafi splæsitingt í inntaki GR þannig að aðgengi GR að eigin tengingum verður ómögulegt nema með því að brjóta upp tengingu Mílu og taka þannig mögulega virkan viðskiptavin úr sambandi.

GR vill í þessu samhengi einnig óska eftir túlkun PFS á 60. gr. fjarskiptalaga, nr. 81/2003, þar sem mat GR er að tengilista lausnir sem Míla starfar eftir brjóti gegn umræddu ákvæði. Eins og GR hefur bent á þá veita splæsitingingar aukið öryggi fyrir netkerfi og þar að auki er fyrirkomulag tengilista sem GR hefur skoðað með þeim hætti að óviðkomandi á greiða leið að þeim. Þetta á við um tengilista bæði í íbúðar- og atvinnuhúsnæði, sbr. áður innsend gögn frá GR.

Þær tillögur sem Míla hefur lagt fram getur GR ekki sætt sig við, enda telur GR að með þeim sé verið að brjóta gegn áðurnefndri 60. gr. fjarskiptalaga. GR vill gæta fyllsta öryggis við uppbyggingu og rekstur ljósleiðarakerfis síns og hefur heimild skv. 1111/2015 til bræðisuðu innanhússlagnar í inntaki sínu, sbr. fyrri úrskurði PFS og úrskurðarnefndar.

[...]<sup>3</sup>

GR mótmælir enn fremur skilgreiningu á inntaki sínu sem húskassa/nettengipunkts. Míla á ekki að vinna í inntaki GR, enda er inntakið eign GR og takmarkar vinna Míla í inntökum, sbr. kvörtun, getu GR til að veita þjónustu og skerðir rekstraröryggi kerfisins. Skv. skilningi GR á fjarskiptalögum og viðeigandi reglum telst inntak GR ekki til húskassa, sbr. áður innsend gögn þar sem GR hefur fært rök fyrir framangreindu.

Með tilvísan í allt framangreint vísar GR því til PFS að skoða framangreint ekki aðeins með öryggissjónarmið í huga heldur sérstaklega þegar tillit er tekið til ákvæða 60. gr. fjarskiptalaga og tryggja þannig vernd fjarskipta.“

---

<sup>3</sup> Umfjöllun um tillögur Mílu um framtíðarfyrirkomulag og afstaða GR til þeirra er sleppt - sjá kafla 4.2.3.

### 3.3. Svar Mílu við viðbótarathugasemdom GR

Með tölvupósti PFS, dags. 26. september 2017, var Mílu gefinn kostur á því að tjá sig um viðbótarathugasemdir GR. Svar Mílu barst með bréfi, dags. 2. október s.l. Í bréfinu er tekið fram að Míla ehf. (Míla) mótmæli málatilbúnaði GR í heild sinni. Síðan eru sjónarmið Mílu nánar rakin:

„Svo virðist, þegar öllu er á botninn hvolft, sem að málið hverfist um hvort Mílu sé heimilt upp á sitt eindæmi að „splæsítengja“ í því sem GR kallar „inntökum GR“. Af þessu tilefni bendir Míla á eftirfarandi:

Í reglum nr. 1111/2015 um fjarskiptalagnir frá 8. desember 2015, settum af PFS, segir meðal annars, sbr. 3. gr. reglnanna, að inntak sé „[s]taður þar sem strengur í almennu fjarskiptaneti er tekinn inn í byggingu og tengist innanhússlögnum“. Í sömu grein segir að húskassi sé „[l]okanlegur skápur eða kassi sem hýsir *inntak* heimtauga eða annarra fjarskiptastrengja sem tengja áskrifendur í ákveðinni byggingu við hið almenna fjarskiptanet og þar sem tenging á sér stað milli hins almenna fjarskiptanets og innanhússlagna“. Samkvæmt þessu ætti ekki að orka tvímælis, að kassi sem hýsir inntak teljist húskassi. Er því með nokkrum ólíkindum þegar GR heldur því fram, þvert ofan í skýran lagabókstaf, að GR „mótmælir ... skilgreiningu á inntaki sínu sem húskassa ...“. Vísast jafnframt um þetta til ákvörðunar Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 32/2014, sem GR er fullkunnugt um, þar sem segir meðal annars, sbr. kafla 4.3.3 í ákvörðuninni, að „húskassi sé þar sem tenging á sér stað milli hins almenna fjarskiptanets og innanhússlagna“.

Í 60. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti, sem fyrrnefndar reglur eru settar með stoð í, segir að „[f]jarskiptalagnir í húsnæði áskrifanda, þ.m.t. húskassar, eru á ábyrgð húseigenda“ og „[þ]egar fjarskiptafyrirtæki berst umsókn um þjónustu frá áskrifanda skal fjarskiptafyrirtæki *eiga rétt á aðgangi að húskassa í viðkomandi byggingu til að tengja sig inn á hann og að lögnum viðkomandi áskrifanda*“. Málatilbúnaður GR, sem felur í raun rétti í sér að húskassar, samkvæmt fyrrnefndri skilgreiningu, séu „eign“ GR eða því um líkt, og að Mílu sé óheimill aðgangur að þeim þegar umsókn um þjónustu berst án þess að GR ljái því sérstakan atbeina, fer þannig í berhögg við lög. Segir enda jafnframt í 3. mgr. 9. gr. áðurgreindra reglna nr. 1111/2015 að „[f]jarskiptafyrirtækjum sem hafa gert samning við áskrifanda skal heimill aðgangur að innanhússlögnum til að tengja heimtaug sína við innanhússlögn“ ... og að „[f]jarskiptafyrirtæki sem tengir nýjan áskrifanda skal einnig heimill aðgangur að greinikössum, kapalstigum, kapalbökkum og strengjum ef þess gerist þörf vegna uppsetningar á samböndum og þjónustu við áskrifanda“ og „[b]era skal beiðni um slíkan aðgang upp við húseiganda eða stjórn húsfélags“.

Í 5. mgr. 7. gr. reglnanna sem GR vísar sérstaklega til segir, en þess er jafnframt að gæta að reglurnar geta hvað sem öðru líður ekki haggð skýrum fyrirmælum 60. gr. laga nr. 81/2003, að „hafi fjarskiptafyrirtæki þegar tengst innanhússlögn í inntaki skal það veita greiðan aðgang annars fjarskiptafyrirtækis að tengilista“. Jafnframt segir í 5. mgr. 7. gr. reglnanna að „[h]afi fjarskiptafyrirtæki notað splæsítengingu skal það, að beiðni annars fjarskiptafyrirtækis, á grundvelli pöntunar húseiganda, splæsítengja saman heimtaugarstrengenda þess við lausa þræði innanhússlagnar í inntaki, gegn gjaldi“. Í þessu felst ekki, hvorki samkvæmt texta ákvæðisins né þegar það er skýrt til samræmis við önnur fyrirmæli reglnanna og lög nr. 81/2003, að Mílu

sé óheimilt að annast splæsitingu upp á sitt eindæmi, heldur eingöngu það að fari Míla, eða annað fjarskiptafyrirtæki, þess á leit við GR að GR annist splæsitinguna, þá skal GR gera það og eiga rétt á gjaldi fyrir.

Í tengslum við allt framangreint er jafnframt til þess að líta, að að baki regluverki á sviði fjarskiptalöggjafar, og svo sem endurspeglast jafnframt í lögum nr. 81/2003 og er sérstaklega tilgreint í 1. gr. reglna nr. 1111/2015, búa meðal annars sjónarmið um *jafnræði fjarskiptafyrirtækja*, en slíkt er talið stuðla að aukinni samkeppni þeirra á milli neytendum, þ.e. endanotendum, til hagsbóta. Í samræmi við það segir í 1. gr. tilvísaðra reglna að þær séu ófrávíkjanlegar þegar kemur að jafnræði fjarskiptafyrirtækja, aðgang fjarskiptafyrirtækja að innanhússlögnum, og inntaki fjarskiptastrengja. Ef lögskýringarkostur GR yrði ofan á er erfitt að sjá hvernig slíkt getur samrýmst þessum verndarhagsmunum, þ.e. að Míla þurfi að eiga það undir GR, sínum helsta samkeppnisaðila, að geta brugðist við beiðnum pantana endanotenda þegar þeir vilja skipta um þjónustuaðila. Þvert á móti eru þess dæmi að GR hafi reynt í þessu skálkaskjólí að halda endanotendum hjá sér, svo sem með því að bjóða þeim betri kjör. Framangreint endurspeglast jafnframt í því að GR, eða verktakar á hennar vegum, hafa, og svo sem Míla hefur upplýst stofnunina um, „klippt“ á tengingar Mílu úr húskössum í einstakar íbúðir sem GR hefur upphaflega komið upp og sem byggja á bræðisuðufyrirkomulaginu og þar sem Míla hefur ekki átt annarra kosta vól en að tengja sig í gegnum þá til að unnt sé að komast til endanotenda. Eins eru þess dæmi að GR hafi bræðisoðið *eftir að* tengilistum hefur verið komið upp, og svo sem stofnunin hefur verið upplýst um. Væri sú lögskýring ofan á, sem GR leggur til grundvallar, væri jafnframt grundvallarmunur á þessu fyrirkomulagi annars vegar og fyrirkomulagi tengilista hins vegar, m.t.t. jafnræðis fjarskiptafyrirtækja og aðgangs að innanhússlögnum o.þ.u.l.

Steininn tekur úr í málalíbúnaði GR þegar lagt er til að komið verði á fót „tvöföldu kerfi“. Ekki þarf að fjölyrða um hversu kostnaðarsamt slíkt úrræði er, ásamt því að geta verið íþyngjandi húseigendum. Slíkt fyrirkomulag er þannig síst til þess fallið að auka samkeppni. Stendur og bersýnilega engin nauðsyn til slíkrar ráðagerðar þegar önnur og síður íþyngjandi úrræði eru tæk, þ.e. að í þeim tilvikum þar sem ekki er stuðst við tengilista sé öllum fjarskiptafyrirtækjum tryggður aðgangur að húskassa og að geta gripið til viðeigandi splæsitingar.

Samkvæmt því sem framan segir fær Míla ekki betur ráðið en að forsendur málalíbúnaðar GR bresti lagastoð. Að mati Mílu er hér um brýnt hagsmunamál að ræða sem mikilvægt er að leiða til lykta með stjórnvaldsákvörðun, ásamt því að reglur nr. 1111/2015 séu endurskoðaðar telji PFS þörf á, en þess er þó að gæta að Míla telur reglurnar skýrar um heimildir sínar í þessu tilliti, sbr. alla fyrri umfjöllun.“

### 3.4. Frekari sjónarmið GR

Með bréfi GR, dags. 16. október, koma fram frekari sjónarmið félagsins í ágreiningsmáli þessu. Í umræddu erindi er að finna nokkuð ítarlega og heildstæða umfjöllun um það réttarumhverfi sem snýr að innanhússfjarskiptalögnum, eins og það er túlkað af GR, auk þess sem vikið er að ýmsum sjónarmiðum sem lúta að fyrirkomulagi og framkvæmd tenginga í fjarskiptainntaki, svo og hvaða reglur GR telji að gildi um aðgang fjarskiptafyrirtækja að innanhússfjarskiptalögnum í þeim tilvikum að félagið hafi áður tengt húseign ljósleiðara og komið fyrir búnaði. Ekki þykir vera efni til þess að rekja öll þau sjónarmið sem fram koma í erindi GR, enda eru þau sum hver

almenns eðlis eða snerta ekki ágreiningsefni þessa máls, eins og það er afmarkað í kafla 4.2. hér að neðan. Þess í stað telur PFS rétt að draga fram þau sjónarmið sem, að mati stofnunarinnar, hafa þýðingu við úrlausn málsins.

Í fyrsta lagi er að finna umfjöllun um túlkun GR á markmiði reglna nr. 1111/2015 um innanhússfjarskiptalagnir, sbr. eftirfarandi:

„Að mati umbj. míns er meginmarkmið reglnanna að tryggja öryggi fjarskipta húseigenda og áskrifenda fjarskiptaþjónustu. Fyrirmæli reglnanna um tilhögun og skipulag framkvæmda er beint að fjarskiptafélögum um að tæknileg útfærsla sem valin er frá einum tíma til annars sé vönduð, traust og tryggi öryggi og leynd fjarskipta, sbr. 47. gr. fjarskiptalaga. Samhliða skulu útfærslur tryggja aðgang fjarskiptafélaga að innanhússfjarskiptalögum.

Við beitingu reglnanna ber að gæta jafnræðis milli framangreindra markmiða og gæta þess í framkvæmd að jafnvægi sé milli þeirra. Þannig má útfærsla á rétti fjarskiptafélags til aðgangs að innanhússfjarskiptalögum ekki verða á kostnað öryggis fjarskipta áskrifanda eða öryggis neta annarra fjarskiptafélaga. Að sama skapi mega útfærslur á öryggi innanhússfjarskiptalagna, húskassa og annars konar tengipunkta ekki fela í sér hindrun á aðgangi fjarskiptafélaga að innanhússfjarskiptalögnum til að bjóða samkeppnisfæra fjarskiptaþjónustu.“

Í öðru lagi er vikið nokkrum orðum að eignarhaldi og umráðarétti yfir búnaði í fjarskiptainntaki:

„Eignarhald eða umráð umbj. míns á inntaki/nettengipunkti gengur ekki gegn ákvæði b.-liðar 2. mgr. 1. gr. lagnareglanna (um banni við að víkja frá reglum um atriði er varða aðgang fjarskiptafyrirtækja að innanhússlögnum) þar sem óheftur aðgangur annars fjarskiptafélags að innanhússfjarskiptalagnaþráð í inntaki/nettengipunkti umbj. míns er fyrir hendi að innanhússlagnakerfi hússins, fari eigandi hússins og/eða áskrifandi fram á það. Umbj. minn hefur notað splæsitengingu við þessar aðstæður eins og 2. málslíður 5. mgr. 7. gr. beinlínis gefur heimild til. Vilji húseigandi/áskrifandi skipta um fjarskiptafélag, hefur umbj. minn þannig tryggt því fjarskiptafélagi aðgang að innanhússfjarskiptalögnum í samræmi við ákvæði lagnareglanna.

[...]

Við þessar aðstæður eru ákvæði 5. mgr. 7. gr. lagnareglanna um tilhögun skipta milli fjarskiptafélaganna mjög skýr að mati umbj. míns. Segir þar að fjarskiptafélag sem yfirtekur fjarskiptasambandið skuli a) framvísa pöntun frá húseiganda um yfirtöku, b) senda beiðni til fjarskiptafélags sem er með inntaks/nettengipunkt fyrir í húsi um að það fjarskiptafélag splæsitengi saman heimtaugarstrengenda fjarskiptafélagsins sem yfirtekur fjarskiptasambandið við lausan innanhússfjarskiptalagnaþráð í inntaki/nettengipunkti og c) greiða fyrir þá þjónustu gjald.“

Í þriðja lagi er fjallað um ólíkar aðstæður við fjarskiptainntak eftir því hvort um er að ræða eldri byggingar eða nýbyggingar, en umfjöllun þar að lútandi tengist sjónarmiðum um frávíkjanleika reglna um innanhússfjarskiptalagnir:



„Í framkvæmd hefur umbj. minn leyst framangreinda stöðu með því að bjóða, á eigin kostnað og áhættu, húseiganda með samþykki hans að setja upp inntak og tengipunkt þar sem ljósleiðarastrengendi er tengdur við innanhússfjarskiptalagnir. Þá hefur umbj. minn einnig sett upp innanhússfjarskiptalagnir frá tengipunkti á eigin kostnað og áhættu í séreign viðkomandi áskrifanda. Er sá hluti innanhússlagnanna eftir uppsetningu í eigu og á ábyrgð húseiganda sem síðar getur kosið að tengja þær við fjarskiptakerfi annars fjarskiptafélags.

Með framangreindu samþykki húseiganda getur umbj. minn sett upp framangreindan búnað og lagnir, en samkvæmt reglunum er honum það heimilt, að því marki að slíkt samþykki og útfærsla þess gengur ekki gegn framangreindum markmiðum lagnareglanna.

Umbj. minn telur að í húsum, þar sem búnaður og lagnir eru einungis að hluta eða yfir höfuð ekki til staðar, verða fjarskiptafyrirtæki að leita lausna sem tryggja framangreind markmið með samþykki húseiganda. Að mati umbj. míns verður að taka tillit til þessara aðstæðna þegar skýrðar eru kröfur um frágang innanhúslagna, sem ekki er tekið tillit til á byggingartíma húseigna. Verður þannig að horfa til aðstæðna við beitingu þeirra enda geta slíkar reglur aldrei gilt afdráttarlaust í öllum tilvikum. Ef svo ætti að vera þyrftu þær að vera bindandi á uppbyggingartíma húsa með sama hætti og byggingarreglugerð.“

Í fjórða lagi er sérstaklega fjallað um frágang tenginga og aðgang að innanhússfjarskiptalögnum í eldri íbúðar- eða atvinnuhúsnæði og aðgangi:

„Í eldri húsbyggingum er staðan eins og að framan var rakið yfirleitt þannig að á byggingartíma þeirra var ekki gert ráð fyrir innanhússfjarskiptalögnum eða búnaði í samræmi við ákvæði lagnareglanna. Er staðan oftast sú, þegar fyrsta fjarskiptafyrirtækið kemur og setur upp fjarskiptalagnir, að þar er ekki til staðar inntak, húskassi eða nettengipunktur eða innanhússfjarskiptalagnir.

[...]

Komi upp sú staða, eftir að lagnareglur nr. 1111/2015 tóku gildi, að fjarskiptafyrirtæki óski eftir aðgangi að innanhússfjarskiptalögnum í húsi eða byggingu þar sem framangreind aðstaða er uppi ber fjarskiptafyrirtæki, sem fyrir er á staðnum og því sem óskar eftir aðgangi, að fara eftir fyrirmælum í 3. málslíð 5. mgr. 7. gr. Þar er kveðið á um að sé enginn laus þráður í innanhússfjarskiptalögnum þar sem splæsitenging hefur verið notuð, sé húseiganda heimilt að aftengja innanhússfjarskiptalögnum sína frá inntaki/nettengipunkti þess fjarskiptafélags sem fyrir er. Að mati umbj. míns er þessum fyrirmælum reglanna beint að öllum lögnum sem lagðar voru fyrir gildistöku reglna nr. 1111/2015. Í reynd þýða framangreind fyrirmæli að mati umbj. míns að fjarskiptafélag, sem aflað hefur samþykkis húseiganda, klippir innanhússfjarskiptalögnum sem liggur frá inntaki/nettengipunkti þess fjarskiptafélags sem fyrir er og tengir við eigið inntak/nettengipunkt í eigu húseiganda. Verða fyrirmæli þessi að mati umbj. míns ekki skilin öðru vísi en svo að fjarskiptafélagið, sem yfirtekur tenginguna að beiðni áskrifanda, noti sitt eigið inntak en ekki inntak/nettengipunkt í eigu samkeppnisaðila, enda það hvorki í eigu þess félags sem yfirtekur tenginguna né húseiganda. Það telst ekki aðgangshindrun í skilningi lagnareglanna að

fjarskiptafélag geti ekki nýtt sér að kostnaðarlausu búnað í eigu annars fjarskiptafélags og samkeppnisaðila.

Í fimmta lagi telur GR að athafnir Mílu brjóti gegn 71. gr. fjarskiptalaga um vernd fjarskiptavirkja:

„Framangreindar athafnir ganga einnig gegn 71. gr. fjarskiptalaga um vernd fjarskiptavirkja. Meginregla ákvæðisins leggur bann við athöfnum eða ráðstöfunum sem af geta hlotist skemmdir á fjarskiptavirkjum eða truflunum á rekstri þeirra, nema áður hafi verið aflað upplýsinga hjá eiganda fjarskiptavirkisins um tilhögun framkvæmdanna. Eins og málið horfir við umbj. mínum hefur Míla virt framangreind lagafyrirmæli að vettugi. Athafnir Mílu hafa bæði valdið umbj. mínum tjóni og ómældum kostnaði auk þess að valda öryggisvandamálum í fjarskiptanetum umbj. míns. Áskilur hann sér allan rétt í þeim efnun, m.a. að krefjast skaðabóta vegna tjóns og kostnaðar sem af framangreindu hefur og kann að hljótask.“

### **3.5. Frekari sjónarmið Mílu**

Í bréfi Mílu, dags. 26. október s.l., er brugðist við þeim viðbótarsjónarmiðum sem fram komu í erindi GR frá 16. október 2017. Samkvæmt skilningi Mílu er málatilbúnaður GR dreginn saman með eftirfarandi orðum þar sem jafnframt kemur fram afstaða Mílu til hans:

„Samkvæmt því sem virðist mega ráða af umsögn GR frá 16. október sl., telur GR að (i) inntak, þ.e. staðurinn þar sem strengur í almennu fjarskiptaneti er tekinn inn í byggingu og tengist innanhússlögnum, sbr. 3. gr. reglna nr. 1111/2015, sé undirorpinn eignarrétti GR, (ii) GR geti staðið í vegi því að áskrifandi tengist öðru fjarskiptafyrirtæki í gegnum inntakið, og verði hitt fjarskiptafyrirtækið þvert á móti að koma upp sínu eigin inntaki („tvöfalt kerfi“) og (iii) það sé GR að framkvæma yfirtöku fjarskiptasambandsins samkvæmt framansögðu og gegn greiðslu þóknunar. Telur GR þennan málatilbúnað sinn, líkt og segir á bls. 10 í erindi GR frá 16. október, „í fullkomnu samræmi við ákvæði lagnareglanna og ákvæða 60. gr. fjarskiptalaga“.

Míla átelur þennan málatilbúnað. Sýnir hann raunar að mati Mílu, svart á hvítu, einbeittan vilja GR til að sniðganga lög og regluverk á sviði fjarskipta sem og fyrri úrskurði fjarskiptayfirvalda, samkeppni og þar með neytendum til tjóns.“

Ekki þykir vera tilefni til að tiltaka einstaka röksemdir Mílu fyrir því að félagið hafni málatilbúnaði GR umfram það sem hefur þegar verið rakið upp úr fyrri bréfaskiptum.

### **3.6. Andsvar GR við frekari sjónarmiðum Mílu**

Með bréfi, dags. 3. nóvember 2017, barst PFS andsvar GR við síðustu sjónarmið sem teflt hafði verið fram af hálfu Mílu. Í bréfinu segir GR að félagið telji sig þegar hafa svarað því sem fram kemur í athugasemdum Mílu og vísar í því sambandi m.a. til bréfs frá 16. október 2017 og fyrri samskipta við PFS.

Á hinn bóginn telji GR vera tilefni til að áréttu tiltekin sjónarmið. Að áliti PFS virðist um að ræða tvö megin sjónarmið sem þarna koma fram.

Annars vegar er um að ræða tilvísanir í ákvörðun nr. PFS 32/2014, þar sem stofnunin komst að þeirri niðurstöðu að eldri reglur um innanhússfjarskiptalagnir nr. 1109/2006 væru tæknilega hlutlausar. Með tilliti til þessa hafi endurskoðaðar reglur um innanhússfjarskiptalagnir tekið sérstaklega mið af þessu og mælt fyrir um hvernig aðgangi annars netrekenda skuli háttað við þjónustuflutning húseiganda. Ekki þykir ástæða til að rekja túlkun GR á ákvörðun nr. 32/2014, þar sem PFS mun í eftirfarandi kafla gera grein fyrir umræddri ákvörðun með sjálfstæðum hætti og hvaða réttarskýrandi atriði hún hafði í för með sér.

Hins vegar koma fram viðbótarsjónarmið sem varða túlkun á 71. gr. fjarskiptalaga, er varðar vernd fjarskiptavirkja, sem rétt þykir að vísa til:

„Í tilefni að athugasemdum Mílu vill umbj. minn árétta að í framangreindum reglum um jafnan aðgang felst ekki sjálfðæmi samkeppnisaðila til að fara heimildarlaust inn í búnað annars fjarskiptafélags og breyta honum án samráðs enda gengur það gegn ákvæði 71.gr. fjarskiptalaga. Þar kemur fram sú meginregla að óheimilt er m.a. að setja upp tæki, raflagnir, leiðslur og því um líkt eða gera aðrar ráðstafanir er af geta hlotist skemmdir á fjarskiptamannvirkjum nema áður hafi verið aflað upplýsinga um legu þeirra og samráð verið haft við eiganda fjarskiptavirkisins um tilhögun framkvæmdanna.

Umbj. minn telur að reglur um jafnan aðgang taki tillit til meginreglu framangreinds ákvæðis 71.gr. fjarskiptalaga. Sjáist það best á þeirri tilhögun sem er að finna í m.a. 5. mgr. 7. gr. reglna 1111/2015 þar sem kveðið er á um samráð og samstarf fjarskiptafyrirtækja um tilhögun aðgangs og flutnings notenda milli fjarskiptafyrirtækja. Í reglunum er kveðið skýrlega á um að slík breyting skuli fara fram með beiðni annars fjarskiptafyrirtækis á grundvelli pöntunar húseiganda, um að splæsitingja saman heimtaugarstrengenda þess við lausa þræði innanhússlagnar í inntaki og gegn gjaldi. Engin dæmi eru um að umbj. minn hafi neitað að verða við beiðni um þetta af hálfu Mílu og því algerlega fráleitur málflutningur að halda fram að umbj. minn standi fyrir einhvers konar hindrunum eins og Míla virðist halda fram. Í reynd hefur Míla hvorki bent á tilvik eða aðstöðu þar sem hægt er að slá því föstu að Míla hafi sætt hindrun eða mótstöðu að nokkru tagi af hálfu umbj. míns í þessum efnum.

Í ljósi framangreindra lagaákvæða og reglna er það fráleitur málflutningur af hálfu Mílu að félagið telji sig geta farið fram með þeim hætti sem félagið hefur gert gagnvart umbj. mínum. Hefur umbj. minn mátt þola að búnaður hans og lagnir hafa endurtekið og ítrekað verið skemmdar og viðskiptavinir hans þurft að þola rof á fjarskiptasambandi vegna þess að Míla fer ekki eftir þeim reglum sem settar hafa verið m.a. í 7. gr. reglna nr. 1111/2015. Í öllu falli getur það ekki verið eðlileg niðurstaða að réttur fjarskiptafyrirtækis til aðgangs að fjarskiptalögnum feli í sér heimild til fjarskiptafélaga að fara heimildarlaust inn í fjarskiptabúnað annars fjarskiptafélags með þeim afleiðingum sem að framan er lýst.“

### **3.7. Tilkypping um lok gagnaöflunar**

Eins og sjá má af bréfaskiptum þessa máls hafa báðum málsaðilum gefist nokkur tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og gera athugasemdir við sjónarmið gagnaðila. Þann 3. nóvember s.l. var það álit PFS að málið væri nægjanlega rannsakað og upplýst til ákvarðanatöku. Aðilum var því tilkynnt að gagnaöflun væri lokið. Hvorugur málsaðila skilaði

inn frekari formlegum athugasemdum né gerði athugasemd við lok gagnaöflunar innan tilskilins frests.

#### IV. Forsendur og niðurstaða

##### 4.1. Almennt og um lagaumhverfi

Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 er Póst- og fjarskiptastofnun falið að hafa umsjón með fjarskiptum í lögsögu íslenska ríkisins og hafa eftirlit með framkvæmd laganna. Þá hafa verið sett sérstök lög um starfsemi og valdheimildir stofnunarinnar, sbr. lög nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun, en þar eru jafnframt tilgreind þau verkefni sem stofnuninni ber að vinna að. Í 3. gr. laganna er þannig kveðið á um að Póst- og fjarskiptastofnun skuli *stuðla að samkeppni á sviði póst- og fjarskiptaþjónustu og koma í veg fyrir óréttmæta viðskiptahætti með því m.a. að vinna gegn röskun eða takmörkun samkeppni á mörkuðum fjarskipta- og pósthjónustu*, sbr. a.-lið 2. töluliðar ákvæðisins. Enn fremur með því að *taka hátt í þróun markaðar fyrir fjarskipta- og pósthjónustu og upplýsingatækni með því m.a. að vinna gegn hindrunum í vegi framboðs á fjarskiptanetum, aðstöðu og þjónustu sem þeim tengist og fjarskipta- og pósthjónustu og stuðla að því að gætt sé jafnræðis við meðhöndlun fjarskiptafyrirtækja og póstrekenda sem búa við sömu aðstæður*, sbr. a. og c.-liði 3. töluliðar ákvæðisins.

Að áliti PFS hafa þau markmið fjarskiptalaga sem birtast í tilgreiningu á verkefnum, þ.e. um að vinna gegn röskun á samkeppni, koma í veg fyrir hindranir að aðgangi að aðstöðu og gæta skuli jafnræðis fjarskiptafyrirtækja, þýðingu við túlkun og framkvæmd 60. gr. fjarskiptalaga sem er er svohljóðandi:

*„Fjarskiptalagnir í húsnæði áskrifenda, þ.m.t. húskassar, eru á ábyrgð húseigenda. Staðsetning húskassa og allar lagnir í byggingu skulu vera í samræmi við teikningar af byggingunni sem byggingareftirlit hefur samþykkt. Í fjöleignarhúsum skulu húskassar vera innsiglaðir eða læstir og þannig gengið frá lögnum að óviðkomandi eigi ekki greiða leið að einstökum fjarskiptalínum. Þegar fjarskiptafyrirtæki berst umsókn um þjónustu frá áskrifanda skal fjarskiptafyrirtæki eiga rétt á aðgangi að húskassa í viðkomandi byggingu til að tengja sig inn á hann og að lögnum viðkomandi áskrifanda. Póst- og fjarskiptastofnun setur reglur um frágang húskassa og lagna í þeim tilgangi að tryggja vernd fjarskipta og skilgreina aðgangsheimild fjarskiptafyrirtækja.“*

Meginefni ákvæðisins er að mæla fyrir um ábyrgðarskil á milli netrekanda annars vegar og húseigenda hins vegar, en innanhússlagnir frá nettengingu í húskassa eru á ábyrgð húseigenda. Einnig er fjallað um öryggi húskassa og um rétt fjarskiptafyrirtækja til aðgangs að þeim, en gert er ráð fyrir að Póst- og fjarskiptastofnun setji reglur m.a. í þeim tilgangi að skilgreina nánar aðgangsheimild fjarskiptafyrirtækja.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur gefið út þær reglur sem 60. gr. fjarskiptalaga gerir ráð fyrir, þ.e. gildandi reglur nr. 1111/2015 um innanhússfjarskiptalagnir, en markmið þeirra samkvæmt 2. gr. er eftirfarandi:

*„Markmið með reglunum er að tryggja vernd fjarskipta með því að stuðla að vönduðum frágangi innanhússlagna sem koma á í veg fyrir misnotkun á*

*fjarskiptaþjónustu og að tryggja jafnræði fjarskiptafyrirtækja að því er varðar aðgang að innanhússlögnum.“*

Nánar er fjallað um jafnræði í 5. gr. reglnanna, en þar segir eftirfarandi:

*„Við hönnun og uppsetningu innanhússlagna skal þess gætt að öll fjarskiptafyrirtæki geti átt þess jafnan kost að veita notendum þjónustu og að notendur geti valið mismunandi fjarskiptafyrirtæki til að veita sér þjónustu.“*

Þá er fjallað um frágang fjarskiptalagna í 6. gr. reglnanna, en í 1. mgr. hennar segir að frágangur innanhússlagna skuli vera í samræmi við viðurkennda staðla s.s. ÍST 151, auk þess sem sérstaklega er fjallað um frágang húskassa í 7. gr. reglnanna. Ekki þykir vera tilefni til að rekja efni þessara ákvæða heildstætt, heldur víkja eingöngu að þeirri málsgrein 7. gr. sem aðallega er deilt um í máli þessu, þ.e. 5. mgr. 7. gr., en hún er orðuð svo:

*„Hafi fjarskiptafyrirtæki þegar tengst innanhússlögn í inntaki skal það veita greiðan aðgang annars fjarskiptafyrirtækis að tengilista. Hafi fjarskiptafyrirtæki notað splæsítengingu skal það, að beiðni annars fjarskiptafyrirtækis, á grundvelli pöntunar húseiganda, splæsítengja saman heimtaugarstrengenda þess við lausa þræði innanhússlagnar í inntaki, gegn gjaldi. Sé enginn laus þráður í innanhússlögn þar sem splæsítenging hefur verið notuð er húseiganda heimilt að aftengja innanhússlögn sína frá inntaki þess fjarskiptafyrirtækis sem fyrir er.“*

Þá reynir á við úrlausn þessa máls að túlka tiltekin hugtök sem skilgreind eru í orðskýringarákvæði 3. gr. reglnanna, sbr. eftirfarandi:

*„Húskassi: Lokanlegur skápur eða kassi sem hýsir inntak heimtauga eða annarra fjarskiptastrengja sem tengja áskrifendur í ákveðinni byggingu við hið almenna fjarskiptanet og þar sem tenging á sér stað milli hins almenna fjarskiptanets og innanhússlagna.“*

*Inntak: Staður þar sem strengur í almennu fjarskiptaneti er tekinn inn í byggingu og tengist innanhússlögnum. Um er að ræða efnislegan nettengipunkt þar sem áskrifanda er veittur aðgangur að almennu fjarskiptaneti. Staðsetning nettengipunkts að því er varðar þessar reglur er fyrsti tengipunktur fyrir innan útvegg, nánar tiltekið í tengingu milli tengilista á strengenda fjarskiptafyrirtækja og tengilista fyrir innanhússlagnir.“*

## **4.2. Afmörkun ágreiningsefnis**

### **4.2.1. Tengsl ágreiningsefnis við fyrri mál**

Mál þetta varðar fyrst og aðgang fjarskiptafyrirtækja að innanhússfjarskiptalögnum í fjarskiptainntaki og þess skáps og/eða umbúnaðar (húskassa) sem hylur og lokar inntakið af. Annars vegar er um að ræða aðgang að innanhússfjarskiptalögn, sem einungis hefur að geyma einn þráð í hverja íbúð, eða að lausum aukapræði sem skal vera fyrir hendi, ef fjarskiptafyrirtæki hefur, með samþykki húseiganda, splæsítengt heimtaugina saman við innanhússfjarskiptalögnina, eins og mælt er fyrir um í 7. gr. reglna nr. 1111/2015 um innanhússfjarskiptalagnir. Reynir því á túlkun þess ákvæðis við úrlausn þessa máls, m.a. hvort að fjarskiptafyrirtæki hafi heimild til að framkvæma tengingu í húskassa sem annað fjarskiptafyrirtæki hefur sett upp til að geta nálgast innanhússfjarskiptalögn, eða hvort það þurfi

að kalla til aðkomu þess fjarskiptafyrirtækis, sem setti fyrst upp tengingu í fjarskiptainntakinu og lokaði því með húskassa, til að framkvæma tenginguna gegn gjaldi.

Af þessari afmörkun á ágreiningsefninu sést að það reynir á skilgreiningu á lykilhugtökunum *fjarskiptainntak* og *húskassi*, en við þau eru bundin ýmiss réttindi og skyldur sem nánar er kveðið á um 7. gr. reglna um innanhússfjarskiptalagnir.

Í þessu sambandi verður að horfa til fyrri stjórnvaldsákvæðana PFS sem hafa fjallað um þessi hugtök, sbr. kafla II. hér að framan, einkum ákvörðunar nr. 32/2014.<sup>4</sup> Í umræddu máli, sem varðaði kvörtun Mílu um að frágangur GR á tengingum í húskassa væri í andstöðu 7. gr. eldri reglna nr. 1109/2006 um innanhússfjarskiptalagnir, var því borið við af hálfu GR að svo kölluð inntaksbox sem félagið notaðist við til að hylja og loka af fjarskiptainntak teldist ekki vera húskassi í skilningi reglnanna.

„Af framangreindu má ráða að húskassi sé þar sem tenging á sér stað milli hins almenna fjarskiptanets og innanhússlagna. Skiptir þá ekki máli hvort um er að ræða kopar- eða ljósleiðaraheimtaug. Ef fleira en eitt almennt fjarskiptanet tengist húsi, t.d. bæði kopar- og ljósleiðaraheimtaug, er um að ræða tvö inntök, sem geta verið staðsett á sama stað eða ekki. Kassi utan um samtengipunkt milli hins almenna fjarskiptanets og innanhúslagnar telst því vera húskassi í skilningi reglnanna. Í tilviki GR má þó líta svo á að ekki sé settur upp eiginlegur húskassi sem hýsi inntakið og samtengipunktinn. Skortur á eiginlegum húskassa breytir þó ekki því að samtenging innanhússlagnar við inntak hins almenna fjarskiptanets þarf að uppfylla kröfur sem tilgreindar eru í 7. gr. reglna nr. 1109/2006 um innanhússfjarskiptalagnir. Þá er ekkert í reglunum sem kemur í veg fyrir að um sé að ræða tvo húskassa, þ.e. ef inntak tveggja almennra fjarskiptaneta er ekki á sama stað.

Samkvæmt framangreindu skal samtenging innanhússlagnar við inntak ljósleiðaraheimtaugar GR uppfylla skilyrði 7. gr. reglna nr. 1109/2006 um innanhússfjarskiptalagnir, t.d. hvað varðar staðsetningu og frágang lagna.“

Af þessu má ráða að það skiptir ekki máli hvað nafni umbúnaði um fjarskiptainntak er gefið, þ.e. hvort talað sé um húskassa, inntakskassa eða inntaksbox. Sé um að ræða skáp eða kassa sem hýsir fjarskiptainntak þar sem er að finna tengipunkt heimtaugar við innanhússfjarskiptalögn, að þá skyldu gilda kröfur um frágang í húskössum samkvæmt eldri reglum nr. 1109/2006 um innanhúslagnir. Niðurstaða um þetta var staðfest með úrskurði úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála í máli nr. 5/2014.

Það er viðtekin stjórnsluframkvæmd hjá PFS að fjalla ekki tvisvar sinnum um sama ágreiningsefnið sem varðar sama málsaðila. Slíkum kröfum og/eða sjónarmiðum málsaðila hafa leitt til frávísunar mála eða PFS litið svo á að málsaðilinn væri bundinn af fyrri úrlausn varðandi tiltekna kröfu eða sjónarmið og það atriði ekki tekið til úrlausnar að nýju.<sup>5</sup> Á hinn bóginn verður ekki horft framhjá því að skilgreiningar á umræddum hugtökum hafa tekið breytingum frá því að ákvörðun nr. 32/2014 var tekin, þ.e. með útgáfu reglna nr. 1111/2015 um innanhússfjarskiptalagnir, en þær tóku við af reglum nr. 1109/2006. Er því óhjákvæmilegt að

<sup>4</sup> Sjá jafnframt ákvörðun PFS nr. 26/2012 þar sem því var slegið föstu að meginhlutverk húskassa væri að þjóna fjarskiptainntaki og vera samtengipunktur á milli hins *almenna fjarskiptanets* og innanhússlagna.

<sup>5</sup> Sjá nánar um þetta í nýlegri ákvörðun PFS nr. 8/2017 og í úrskurði úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 7/2015 (kafla IV 1).

fjalla aftur um skilgreiningar á þessum hugtökum og hvernig þær falla að framkvæmd og túlkun 7. gr. reglnanna að öðru leyti.

#### *4.2.2. Einstakar tengingar sem tilgreindar eru í kvörtun*

Eins og mál þetta er vaxið reynir á túlkun 60. gr. fjarskiptalaga og reglna nr. 1111/2015 um innanhússfjarskiptalagnir um nokkur meginatriði. Að áliti PFS mun úrlausn um þessi atriði leysa úr ágreiningi um háttsemi í tengslum við aðgang að tengingum í einstökum húseignum.

Með upphaflegu erindi GR fylgdu jafnframt myndir af tengingum í tilteknum húseignum ásamt ábendingum félagsins um meint brot Mílu. Þessu var svarað með útskýringum og sjónarmiðum Mílu. Í ljósi þess að meginágreiningsefnið varðar almenna túlkun og framkvæmd reglna nr. 1111/2015 um innanhússfjarskiptalagnir telur PFS ekki tilefni til þess að leggja mat á sjónarmið og ágreining milli málsaðila um einstakar tengingar.

Ljóst er af málatilbúnaði málsaðila að til staðar er raunverulegur og sannanlegur ágreiningur um túlkun tiltekinna ákvæða í lögum og reglum um innanhússfjarskiptalagnir og lýtur þessi ákvörðun að úrlausn hans.

#### *4.2.3. Tillaga Mílu að framtíðarfyrirkomulagi tenginga í fjarskiptainntaki*

Með athugasemdum Mílu, sbr. bréf dags. 2. júní 2017, fylgdu sundurliðaðar tillögur að framtíðarskipulagi á frágangi tenginga sem væri ætlað að leysa úr ágreiningi milli málsaðila og skapa sátt um framtíðarverklag.

Í bréfi GR, dags. 25. september 2017, var farið yfir tillögur Mílu lið fyrir lið og gerðar athugasemdir við þær. Heildstætt var það á hinn bóginn skýr afstaða GR að félagið gæti ekki fallist á tillögur Mílu, heldur vildi það fremur sjá tvö aðskilin kerfi til framtíðar litið. Í ljósi þess að tillögur Mílu, sem hefðu mögulega getað verið grundvöllur að sátt, að því marki sem þær færu ekki í bága við lög og reglur sem gilda um innanhússfjarskiptalagnir, var afdráttarlaust hafnað af GR er ekki þörf á að rekja efni tillagnanna og skera úr um mismunandi sjónarmið aðila til þeirra.

### **4.3. Breytingar á reglum um innanhússfjarskiptalagnir og túlkun þeirra**

Að undangengnu víðtæku samráði við hagsmunaaðila og óháða sérfræðinga í uppsetningu innanhússfjarskiptalagna voru gerðar breytingar á reglum PFS um innanhússfjarskiptalagnir í lok árs 2015. Tilgangur breytinganna var fyrst og fremst að aðlaga regluumhverfið og tækniröfur að ljósleiðaravæðingu heimila og vinnustaða sem árin þar að undan hafði hafist af krafti.<sup>6</sup> Inntak breytinganna var þannig að skýra orðalag reglnanna til samræmis við ákvörðun PFS nr. 32/2014, en þar var komist að þeirri niðurstöðu að reglurnar væru tæknilega hlutlausar varðandi þær kröfur sem gerðar eru til lagningar og frágangs innanhússfjarskiptalagna. Í umræddri ákvörðun var þannig tekið fram að kröfur reglnanna um frágang tenginga í húskaða ættu við um tengingar GR í fjarskiptainntaki sem félagið lokar af með svo kölluðum inntakskassa.

Samkvæmt framangreindu var það ekki tilgangur breytinganna að gera annars konar kröfur til ljósleiðaralagna, heldur fremur að taka af allan vafa um að reglurnar væru tæknilega hlutlausar,

---

<sup>6</sup> Í frétt á heimasíðu PFS var efnt til samráðs um endurskoðun á reglum um innanhússfjarskiptalaganir og helstu breytingar tilgreindar:

<https://www.pfs.is/um-pfs/frettir/frett/2015/11/17/PFS-kallar-eftir-samradi-um-endurskodun-a-reglum-um-innanhussfjarskiptalagnir/>

þ.e. að þær tækju bæði til ljósleiðaraþráða og koparlagna. Í þeirri viðleitni að gera reglurnar skýrari var ákveðið að notast við hugtakið *inntak* í stað *húskassa*, enda var síðara hugtakinu eðlilega oft spyrnt saman við inntak koparheimtauga sem umlukið var kassa sem um áráraðir hefur verið kallaður var húskassi. Efnisinntak á skilgreiningu húskassa var þannig, með minniháttar breytingum, fært yfir í hugtakið inntak, sem ætti þá við um tengipunkt heimtauga og innanhússfjarskiptalagna óháð tækni. Merking húskassa breyttist í að vera eingöngu sá umbúnaður utan um inntak fjarskiptalagna, þ.e. sá skápur eða kassi sem umlykur inntakið.

Að teknu tilliti til ákvörðunar nr. 32/2014 og hvernig reglum um innanhússfjarskiptalögnum var breytt í framhaldinu með reglum nr. 1111/2015 á það ekki að hafa getað valdið GR vafa um að tenging ljósleiðaraheimtauga félagsins við innanhússfjarskiptalagnir teldist vera *inntak* fjarskiptalagna og að kassinn sem hýsir inntakið væri *húskassi* í skilningi reglna nr. 1111/2015 um innanhússfjarskiptalagnir.

GR heldur því fram að Mílu sé ekki heimilt að framkvæma tengingu í inntaki fjarskiptalagna sem komið hefur verið upp af hálfu félagsins, án samþykki þess og aðkomu. Vísar félagið þá til orðalags 5. mgr. 7. gr. reglna nr. 1111/2015 sem orðast svo: „*Hafi fjarskiptafyrirtæki notað splæsítengingu skal það, að beiðni annars fjarskiptafyrirtækis, á grundvelli pöntunar húseiganda, splæsítengja saman heimtaugarstrengenda þess við lausa þræði innanhússlagnar í inntaki, gegn gjaldi.*“ Umræddan málslið verður að túlka til samræmis við þann málslið sem á undan kemur: „*Hafi fjarskiptafyrirtæki þegar tengst innanhússlögn í inntaki skal það veita greiðan aðgang annars fjarskiptafyrirtækis að tengilista.*“ Síðari setningin, sem GR vísar til, á þannig eingöngu við ef annað fjarskiptafyrirtæki hyggst nýta sér inntakið og húskassann sem fyrir er gegn gjaldi. PFS getur að þessu leyti tekið undir sjónarmið sem fram koma í máli GR að óeðlilegt sé að fjarskiptafyrirtæki geti nýtt sér aðstöðu í fjarskiptainntaki sem annað fjarskiptafyrirtæki hefur komið upp án þess að gjald komi fyrir.

Framangreint á hins vera ekki við þegar fjarskiptafyrirtæki setur upp eigið inntak og húskassa, en þarf að nálgast þráð innanhússfjarskiptalagnar í því fjarskiptainntaki sem fyrir er. Ljóst er að ef það inntak er lokað og læst þá hindrar það aðgang að innanhússlögn, sem gengur í berhögg við 60 gr. fjarskiptalaga sem kveður á um að „*[þ]egar fjarskiptafyrirtæki berst umsókn um þjónustu frá áskrifanda skal fjarskiptafyrirtæki eiga rétt á aðgangi að húskassa í viðkomandi byggingu til að tengja sig inn á hann og að lögnum viðkomandi áskrifanda.* Þannig tryggja lögin Mílu rétt til óhindraðs aðgangs að húskössum sem GR hefur sett upp. Rétt er að taka fram að ef annar laus þráður er til staðar í fjarskiptainntaki, sem komið hefur verið upp, ber fjarskiptafyrirtæki sem á eftir kemur að tengjast honum fremur en að klippa á þann þráð sem tengdur er því fjarskiptafyrirtæki sem fyrir er. Þá telur PFS eðlilegt að þegar klippt hefur verið á tengdan þráð að þá beri því fjarskiptafyrirtæki sem það gerði að tilkynna um það til þess fjarskiptafyrirtækis missir tengingu, þannig að það fyrirtæki hafi upplýsingar um að heimtaugin sé ekki lengur virk. Þar sem tengingar í fjarskiptainntaki eru viðkvæmar fyrir hnjaski skiptir miklu máli, óháð því hvaða aðili á í hlut, að vandað sé til verka. PFS telur að það sé ástæða til að skoða hvort hægt sé að bæta úr verkferlum fjarskiptafyrirtækjanna eða reglum um innanhússfjarskiptalagnir, t.d. um tilkynningarskyldu um skemmdir, skráningu slíkra atvika og mögulega staðlaðar bætur fyrir sannanlegt tjón sem orsakast hefur við framkvæmd tenginga í fjarskiptainntaki.

Það er álit PFS að orðalag 5. mgr. 7. gr. reglna nr. 1111/2015 um innanhússfjarskiptalagnir sé ekki nógu skýrt varðandi heimild fjarskiptafyrirtækis um að nýta sér fyrirliggjandi aðstöðu annars fjarskiptafyrirtækis gegn gjaldi. Óskýrleiki hvað þetta varðar getur þó aldrei orðið til þess að umrædd málsgrein í reglum sem PFS setur sé túlkuð í berhögg við 60. gr. fjarskiptalaga.



Ber þá að taka afstöðu til sjónarmiða GR um að læsing á húskössum sé nauðsynleg út frá öryggissjónarmiðum og að þau vegi þyngra en samkeppnissjónarmið, m.t.t. markmiðs reglna nr. 1111/2015 um innanhússfjarskiptalagnir. Eins og fram kemur í athugasemdum GR á gildandi ákvæði 60. gr. um innanhússfjarskiptalagnir uppruna sinn í 38. gr. eldri fjarskiptalaga nr. 107/1999. Þegar athugaðar eru skýringar sem fylgja því ákvæði er ljóst að rekja má tilkomu umrædds ákvæðis til afnáms einkaréttar íslenska ríkisins á fjarskiptastarfsemi. Greint er frá því að í framkvæmd ríkiseinokunaraðilans hafi mótað verklagsreglur um fjarskiptalagnir innanhúss, staðsetningu húskassa og frágang. Við afnám einkaréttar sé eðlilegt að Póst- og fjarskiptastofnun verði fengnar samsvarandi heimildir til að kveða á um fyrirkomulag innanhússlagna og húskassa. Síðan er sérstaklega tiltekið: „*Brýnt er að reglur sem settar verði um fyrirkomulag húskassa hamli ekki samkeppni fjarskiptafyrirtækja.*“

Af þessu má ráða aðalhvattinn að baki reglusetningu um innanhússlagnir hafi verið að tryggja jafnt aðgengi fjarskiptafyrirtækja á samkeppnismarkaði nauðsynlegan aðgang að húskössum sem áður höfðu eingöngu verið í umráðum hins ríkisrekna einokunarfyrirtækis, auk þess sem ætlunin hafi verið að áfram yrði stuðst við tiltekið verklag um vandaðan frágang innanhússfjarskiptalagna sem eftirleidis væri höndum eftirlitsaðilans að móta. Eins og fram kemur í markmiðsákvæði gildandi reglna 1111/2015 um innanhússfjarskiptalagnir er markmiðið tvíþætt. Þ.e. annars vegar að tryggja vernd fjarskiptatenginganna og hins vegar að tryggja jafnan aðgang fjarskiptafyrirtækja að þeim. Með tilliti til forsögu sérstaks lagaákvæðis um innanhússfjarskiptalagnir, þ.e. um að skapa jafnan aðgang samkeppnisaðila að tiltekinni aðstöðu, verður ekki fallist á sjónarmið GR þess efnis að markmið um öryggi vegi þyngra en markmið um jafnan aðgang. Frá upphafi þessa ákvæðis hefur aldrei verið litið svo á að fjarskiptafyrirtæki væri heimilt að læsa húskassa með þeim hætti að tengipunktur við innanhússfjarskiptalögn yrði öðru fjarskiptafyrirtæki óaðgengilegur. Vegna öryggissjónarmiða getur, eftir sem áður, verið eðlilegt að læsa húskössum, en það þarf þá að vera tryggt að viðurkenndir aðilar á vegum fjarskiptafyrirtækja hafi aðgang að þeim.

Rétt er að geta þess að í ákvörðun þessari er ekki verið að skera úr um ágreining um hvor mismunandi tæknilausna, þ.e. tengilistalausn eða splæsítengilausn, uppfylli betur kröfur um öryggi.

Vernd fjarskiptavirkja tengist sjónarmiði GR um öryggi fjarskiptatenginga og þykir því rétt að fjalla um röksemdir félagsins um að háttsemi Mílu brjóti gegn 71. gr. fjarskiptalaga um vernd fjarskiptavirkja. Það er rétt að *fjarskiptavirki*, en það hugtak tekur til hvers kyns búnaðar sem ætlað er að koma á fjarskiptum, njóta víðtækrar verndar í fjarskiptalögum gegn skemmdum og raski af hverju tagi sem er. Í þessum efnum er m.a. finna sérstaka bótareglu í 3. mgr. ákvæðisins sem gildir um tjón á fjarskiptavirkjum. Túlka verður þetta ákvæði til samræmis við 60. gr. lagana sem hefur að geyma þau fyrirmæli að fjarskiptafyrirtæki *skulu eiga rétt til aðgangs* að húskössum. Ákvæði um vernd fjarskiptavirkja verður þannig ekki túlkað á þann veg að það geti falið í sér hindrun að aðgangi að húskassa sem skal vera opin samkvæmt skýru orðalagi annars ákvæðis laganna. PFS leggur hins vegar ekki mat á það, í tengslum við úrlausn þessa máls, hvort að mögulegar skemmdir sem Míla hafi valdið á húskössum við það að öðlast aðgengi að innanhússfjarskiptalögn geti varðað við 71. gr. fjarskiptalaga. Ef svo væri myndi hugsanlegur skaðabótaréttur ekki endilega myndast hjá GR, þar sem húseigandi ber ábyrgð á húskassa.

Því er sem sagt borið við af hálfu GR að húskassi (eða inntakskassi eins og GR kys að kalla hann) sé eign félagsins og að það geti á þeim grundvelli takmarkað aðgengi að kassanum. Í þessu sambandi er minnt á fyrsta málslið 60. gr. fjarskiptalaga, en þar segir: „*Fjarskiptalagnir*

*í húsnæði áskrifenda, þ.m.t. húskassar, eru á ábyrgð húseigenda.* “ Vandséð er hvernig húskassi geti verið í eigu fjarskiptafyrirtækis þegar húseigandi ber ábyrgð á honum lögum samkvæmt. Þess gerist þó ekki þörf í ákvörðun þessari að skera úr um eignarhald á húskössum, þar sem sömu kröfur um aðgang að kössunum og um frágang tenginga inni í þeim, gilda óháð eignarhaldi. GR getur því ekki takmarkað aðgang að húskassa (inntakskassa) á grundvelli eignarréttar.

Í tengslum við umfjöllun um ábyrgð húseiganda er við hæfi að fjalla stuttlega um sjónarmið er lúta að frávikjanleika reglna nr. 1111/2015 um innanhússfjarskiptalagnir. PFS tekur undir sjónarmið GR um að kröfur um frágang innanhússfjarskiptalagna geta aldrei gilt afdráttarlaust um allar húseignir óháð aldri og byggingartegundum, s.s. sérbylí eða fjölbylí. Ef svo ætti að vera þyrfti að taka kröfurnar út á byggingarstigi og þær gætu ekki tekið til bygginga sem voru byggðar fyrir gildistöku reglnanna. Þess vegna er þess getið í 1. gr. reglnanna að þær geti verið frávikjanlegar um frágang innanhúslagna, að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Umrædd skilyrði lúta að atriðum sem PFS metur að séu ófrávikjanleg, m.a vegna fyrirmæla í lögum. Þannig getur húseigandi ekki vikið frá kröfum reglnanna varðandi aðgang fjarskiptafyrirtækja að innanhússlögnum, sbr. b.-lið, eða um frágang tenginga í inntaki fjarskiptalagna, sbr. c.-lið, umfram það sem heimilað er í 7. gr. reglnanna. Því er ekkert í viðskiptasambandi GR við sína viðskiptavini (húseigendur) sem getur orðið þess valdandi að takmarka aðgang annarra fjarskiptafyrirtækja að húskössum sem GR setur upp.

#### **4.4. Samandregin niðurstaða**

Sérstakt ákvæði í 60. gr. fjarskiptalaga um innanhússfjarskiptalagnir á rót sína að rekja til afnáms einkaréttar íslenska ríkisins á fjarskiptastarfsemi. Talið var nauðsynlegt að tryggja jafnan aðgang fjarskiptafyrirtækja að húskössum og tengiflötum innanhússfjarskiptalagna, auk þess sem talin var þörf á því að viðhalda ákveðnu verklagi við frágang tenginga sem PFS var falið að móta. Frá upphafi hefur markmið sérstakra reglna um innanhússfjarskiptalagnir, nú reglna nr. 1111/2015, verið tvíþætt, þ.e. annars vegar að tryggja jafnræði og jafnan aðgang fjarskiptafyrirtækja að innanhússfjarskiptalögnum og hins vegar að stuðla að öryggi fjarskiptatenginga. PFS getur ekki fallist á með GR að markmið um öryggi gangi framur markmiði um jafnan aðgang fjarskiptafyrirtækja. Jafn aðgangur fjarskiptafyrirtækja að húskössum og tengingum inni í þeim hefur verið hluti af skýru orðalagi umrædds lagaákvæðis frá því að það kom fyrst inn í fjarskiptalög með lögum nr. 107/1999.

Hvað varðar túlkun 7. gr. reglna nr. 1111/2015 um innanhússfjarskiptalagnir að þá var það álit PFS við setningu reglnanna að það væri eðlilegt að fjarskiptafyrirtæki sem hygðist nýta sér fyrirbyggjandi aðstöðu, t.d. nota þann húskassa sem fyrir væri, greiddi fyrir það eðlilegt gjald og þá væri jafnframt gert ráð fyrir því að það fjarskiptafyrirtæki sem hefði komið aðstöðunni upp myndi framkvæma slíka tengingu. Slíkt á hins vegar ekki við þegar fjarskiptafyrirtæki, í þessu tilviki Míla, setur upp annan húskassa og þarf eingöngu að nálgast þráð innanhússfjarskiptalagnar í því fjarskiptainntaki sem fyrir er. Þá verður umrædd regla ekki notuð til að hindra slíkan aðgang, enda gengur það gegn skýru orðalagi 60. gr.

Hvað varðar sjónarmið um öryggi að þá er fallist á að um sé að ræða mikilvægt atriði. Af þessum sökum má telja það eðlilega ráðstöfun að læsa húskössum. En þá þurfa viðurkenndir aðilar fjarskiptafyrirtækja, sem starfrækja heimtauganet, að hafa lykila að læstum húskössum. Þá má bæta því við að læsing á húskössum á helst við í fjöleignahúsum, þar sem fjarskiptainntak er staðsett í sameign sem nokkur fjöldi íbúa eða fyrirtækja hefur aðgang að.

Framangreind niðurstaða er ekki talin fara í bága við 71. gr. fjarskiptalaga um vernd fjarskiptavirkja. PFS leggur hins vegar ekki mat á það hvort að meintar skemmdir sem Míla hefur valdið með því að brjóta upp læsta húskassa gætu varðað við umrætt ákvæði. Þó er bent á það, ef um slíkt er að ræða, að þá er ekki endilega víst að bótaréttur myndi skapast hjá GR, þar sem húskassar eru á ábyrgð húseiganda.

Nánar er fjallað um eignarhald á húskössum, þar sem því er haldið fram af GR að félagið eigi þá kassa sem það setur upp til að hýsa fjarskiptainntak. PFS telur vandséð hvernig húskassar geti verið í eigu GR, þegar þeir eru á ábyrgð húseiganda lögum samkvæmt. Þó telur PFS óþarft að skera úr um þetta atriði, þar sem sömu kröfur um aðgang að tengingum í fjarskiptainntaki eiga við óháð eignarhald á húskössum.

Að endingu er vikið að frávíkjanleika reglna nr. 1111/2015 um innanhússfjarskiptalagnir, þar sem þær geta ekki átt við afdráttarlaust um allar húseignir óháð byggingartíma eða byggingartegund. Hins vegar eru reglurnar ekki frávíkjanlegar um það atriði sem ágreiningur þessa máls stendur um. Því er ekkert í viðskiptasambandi GR við sína viðskiptavini sem getur orðið þess valdandi að takmarka aðgang annarra fjarskiptafyrirtækja að húskössum sem GR setur upp.

#### *Ákvörðunarorð*

**Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. ber að veita Mílu ehf. óhindraðan aðgang að húskössum sem Gagnaveita Reykjavíkur ehf. hefur sett upp til að hýsa inntak fjarskiptalagna í samræmi við 60. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003.**

**Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.**

*Póst- og fjarskiptastofnun, 17. nóvember 2017.*

---

Hrafnkell V. Gíslason

---

Björn Geirsson